

## 146. fundargerð

# skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms

15. maí 2012

146. fundur skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms var haldinn 15. maí 2012 kl. 18 á skrifstofu skólastjóra.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra
2. Fjármál
3. Nýr formaður skólanefndar
4. Önnur mál

Mætt voru: Jóhanna Guðmundsdóttir skólastjóri, Anna Melsteð varamaður, Daði Jóhannesson varamaður, Sigurborg Sturludóttir formaður skólanefndar, Jósep Ó. Blöndal og Unnur Sigmarsdóttir sem skrifaði fundargerð.

### 1. Skýrsla skólastjóra

#### a. Starfið í vor:

- Öllum áfangaprófum er lokið. Alls tóku 13 nemendur stigspróf á hljóðfærin sín. Einn nemandi lauk grunnprófi, tveir luku miðprófi og tveir luku framhaldsprófi. Auk þessara prófa voru haldin vorpróf á hin ýmsu hljóðfæri og að auki tóku 16 nemendur tónfræðapróf.
- Sjö tónleikar voru haldnir í vor og þeirra á meðal voru haldnir framhaldsprófstónleikar þann 13. maí þar sem Berglind Gunnarsdóttir og Páll Gretarsson luku síðasta hluta framhaldsprófs þeirra á píanó.
- Skólaslit verða haldin á uppstigningardag, 17. maí. Það kom fram í máli skólastjóra að útkoman úr prófum þetta vorið var frábær og í fyrsta sinn í sögu skólans sem nemendur útskrifast með framhaldspróf. Af fjórum nemendum sem luku áfangaprófi á píanó þá náðu þrír af þeim yfir 9 í einkunn.
- Martin skipulagði hljóðfærakynningu fyrir grunnskólanemendurna og fékk hann m.a. Litlu Lúðró með sér í það verkefni.
- Ástandsskoðun hljóðfæra (v/hljóðfæraleigu o.fl.) er lokið og er kominn tími á endurnýjun og viðhald einhverra hljóðfæra.

#### b. Skólaárið 2012 – 2013

- Skipulagning er hafin að skóladagatali fyrir veturinn 2012 – 2013. Nemendaskráning stendur yfir og lýkur innritun þann 5. júní.
- Gunnar hefur sagt upp og leita þarf að manni í hans stöðu. Vegna niðurskurðar var lækkað starfshlutfall hjá Hólmsfríði um 30% og er hún því í 70% starfshlutfalli. Þórður hætti stundakennslu um áramót.

c. Önnur mál

- Hrefna er hætt í ræstingum í tónlistarskólanum og verður alfarið í grunn-skólanum. Bogi Th. Bragason tekur við.
- Á vorönn voru 89 nemendur í grunnstigi, 16 í miðstigi og 7 í framhalds-stigi.

2. Fjármál

- Fjárhagsáætlun 2012. Reiknað er með niðurskurði í fjárhagsáætlun, hækka skólagjöld um 5-6 % og lækka launakostnað um 2.500.000 sem tekst með því að lækka starfshlutfall kennara.
- Fyrirspurn hefur komið upp um afslátt á skólagjöldum fyrir fullorðna öryrkja en það hefur ekki tíðkast.
- Í Jöfnunarsjóð verður sótt um fyrir framhaldsnemendur og svo söng-nemendur á miðstigi.

3. Nýr formaður skólanefndar

- Sigurborg hættir sem formaður skólanefndar. Kjör nýs formanns er óleyst verkefni bæjarstjórnar.

4. Önnur mál

- Umræða skapaðist um tónfundina og fyrirkomulag þeirra og jöfn tækifæri nemenda til að koma fram á tónleikum á vegum skólans.
- Lúðrasveit frá Noregi kemur í heimsókn í byrjun júní.
- Umræða skapaðist um allar lúðrasveitirnar og skólanefnd harmar að vortónleikar lúðrasveitarinnar voru felldir niður.
- Rætt var um samstarf skólastjóra leik-, grunn- og tónlistarskóla bæjarins og mikilvægi þess að það sé virkt samráð við gerð skóladagatala.
- Fráfarandi formaður, Sigurborg, þakkar fyrir samstarfið. Skólanefndin þakkar Sigurborgu fyrir gott samstarf.

Fundi slitið kl. 19:25

Anna Melsteð (sign)

Daði Jóhannesson (sign)

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign)

Jósep Ó. Blöndal (sign)

Sigurborg Sturludóttir (sign)

Unnur Sigmarsdóttir (sign)